

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits
flugmálastjórnar og gjaldskrá fyrir afnot flugvalla.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 31. desember 1980, um efnahagsráðstafanir, svo og 25., 37. og 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar, sbr. auglýsingu nr. 254 23. apríl 1980, svo og gjaldskrá nr. 448 22. desember 1977 fyrir afnot flugvalla, og tekur hækkun þessi þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1981.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.